

241. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÁNUDAGUR 14. DESEMBER 2015 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármál.
 - a) Úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna
 - b) Önnur umræða um fjárhagsáætlun kristnisjóðs, kirkjumálasjóðs og rekstraráætlun Biskupsstofu.
 - c) Árbæjarkirkja.
 - d) Beiðni um viðræður um endurskoðun á rekstrarformi prestsembætta og rekstrarkostnaðar.
 - e) Sálmaþókarnefnd, beiðni um að færa afgang yfir á næsta ár.
3. Kirkjuþing.
 - a) Ályktun um skýrslu um fjármál kirkjunnar.
 - b) Ályktun við starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar.
4. Sáttatilboð Úrskurðarnefndar.
5. Staðarstaður.
 - a) a. Bréf frá lögmannsstofunni Landslög.
 - b) b. Áfrýjun til Hæstaréttar.
6. Fasteignir.
 - a) Reynivellir.
 - b) Laufás, fjarskiptamastur.
 - c) Vatnaskógur.
 - d) Melstaður, ærgildi.
 - e) Hrunaheiðar, dómur Hæstaréttar.
 - f) Háls í Fnjóskadal.
7. Skálholt.
 - a) Stjórn Skálholtsstaðar, erindi vegna viðbótarfjármagns og hugmyndir vegna næsta starfsárs.

8. Samráðs- og vinnufundur Alkirkjuráðsins og þátttaka í Arctic Circle ráðstefnunni 2016.
9. Önnur mál.
 - a) Njarðvík, meðferð á sóknargjöldum.
 - b) Erindi frá innanríkisráðherra og svar biskups.
 - c) Erindi frá þóknananefnd.
 - d) Reynivellir, til framtíðar.
 - e) Prestur Lágafellssóknar.
 - f) Verkefnisstjóri samskiptamála.
 - g) Starfsreglur kirkjuþings um val og veitingu prestsembættis.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Örvar Kárason, verkefnisstjóri, tók þátt í umræðu um upplýsingatækni undir dagskrárlið 2 a.

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri, sat fundinn í umræðu um úthlutun úr Jöfnunarsjóð sókna undir dagskrárlið 2 a.

Biskup setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 240. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

2. FJÁRMÁL

a. Úthlutun úr Jöfnunarsjóð sókna.

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna:

Jöfnunarsjóður sókna 2016	
Prófastsdæmi/sóknir	Samþykkt kirkjuráðs 2016
Höfuðkirkjur	47.500.000
Dómkirkjan í Reykjavík	5.000.000
Hóladómkirkja	8.500.000
Skálholt	15.000.000
Hallgrímskirkja í Reykjavík	15.000.000
Hallgrímskirkja í Saurbæ	4.000.000
Suðurprófastsdæmi	10.050.000
Hafnarsókn	1.000.000
Víkursókn	1.500.000
Akureyjarsókn	1.000.000
Hlíðarendasókn	1.000.000
Oddasókn	750.000
Marteinstungusókn	1.300.000
Ofanleitissókn	1.000.000
Þingvallasókn	500.000

Minningarkapella Jóns Steingrímssonar	2.000.000
Kjalarnesprófastsdæmi	67.300.000
Kirkjuvogssókn	600.000
Víðistaðasókn	700.000
Bessastaðasókn	6.000.000
Ástjarnarsókn	60.000.000
Reykjavíkprófastsdæmi eystra	18.000.000
Kársnessókn	2.000.000
Lindasókn	6.000.000
Breiðholtssókn	3.500.000
Grafarholtssókn	1.500.000
Grafarvogssókn	5.000.000
Reykjavíkprófastsdæmi vestra	16.700.000
Seltjarnarnessókn	4.000.000
Háteigssókn	2.000.000
Ássókn	1.700.000
Langholtssókn	4.000.000
Grensásókn	5.000.000
Vesturlandsprófastsdæmi	29.150.000
Bæjarsókn	250.000
Reykholtssókn	5.600.000
Gilsbakkasókn	400.000
Stafholtssókn	3.000.000
Borgarsókn	1.500.000
Borgarnessókn	8.000.000
Kolbeinstaðarsókn	600.000
Fáskrúðarbakkasókn	600.000
Staðastaðarsókn	1.000.000
Hellnasókn	600.000
Setbergssókn	600.000
Stykkishólmssókn	6.000.000
Ólafsvíkursókn	1.000.000
Vestfjarðaprófastsdæmi	25.100.000
Þingeyrarsókn	2.400.000
Núpsókn	300.000
Hólssókn	6.900.000
Hólmavíkursókn	2.500.000
Árnessókn	400.000
Reykhólasókn	1.200.000

Staðarhóllsókn	1.000.000
Patreksfjarðarsókn	3.000.000
Hagasókn	1.500.000
Stóra -Laugardalssókn	5.900.000
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi	12.800.000
Staðarbakkasókn	500.000
Hvammstangasókn	1.200.000
Breiðabólstaðarsókn	400.000
Blönduóssókn	1.200.000
Höfðasókn	1.000.000
Sauðárkrókssókn	3.000.000
Reynistaðarsókn	200.000
Glaumbæjarsókn	3.000.000
Rípursókn	1.000.000
Miklabæjarsókn	700.000
Reykjasókn	600.000
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	17.350.000
Siglufjarðarsókn	2.000.000
Ólafsfjarðarsókn	3.100.000
Upsasókn	2.000.000
Möðruvallaklausturssókn	300.000
Lögmannshlíðarsókn	750.000
Svalbarðssókn	2.000.000
Ljósavatnssókn	1.500.000
Grenjaðarstaðarsókn	300.000
Húsavíkursókn	2.000.000
Þórshafnarsókn	3.400.000
Austurlandsprófastsdæmi	23.400.000
Skeggjastaðasókn	1.000.000
Vopnafjarðarsókn	1.500.000
Ássókn	2.000.000
Sleðbrjótssókn	150.000
Kirkjubæjarsókn	400.000
Eiðasókn	2.000.000
Brekkusókn	150.000
Eskifjarðarsókn	3.700.000
Reyðarfjarðarsókn	3.000.000
Kolfreyjustaðarsókn	1.500.000
Stöðvarfjarðarsókn	1.500.000
Heydaldasókn	4.000.000
Djúpavogssókn	2.500.000
Sóknir og höfuðkirkjur alls	267.350.000
Sameiginleg verkefni sókna-	

kirkjumiðstöðvar	
Kirkjumiðstöðvar	4.000.000
Löngumýrarskóli fræðslusetur	2.000.000
Kirkjumiðstöð Austurlands	2.000.000
Stuðningur við söfnuði erlendis	3.600.000
Íslenski söfnuðurinn í Kaupmannahöfn	900.000
Íslenski söfnuðurinn í Gautaborg	900.000
Íslenski söfnuðurinn í London	900.000
Íslenska kirkjan í Luxembourg	900.000
Styrkur við mannlausar sóknir og bænahús	350.000
Selárdalskirkja	350.000
Sóknir og höfuðkirkjur alls	267.350.000
Kirkjumiðstöðvar	4.000.000
Stuðningur við söfnuði erlendis	3.600.000
Styrkur við mannlausar sóknir og bænahús	350.000
Samtals:	275.300.000

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara umsókn Ástjarnarsóknar á þann máta að þær 60 m.kr. sem söfnuðurinn fær nú úthlutað er samtala þeirrar upphæðar sem annars hefði átt að greiða út á þremur árum.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að óska eftir því við Grafarvogssókn að leggja fram áætlun um hvernig sóknin hyggst greiða niður skuldir sínar.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að ræða við fulltrúa Hallgrímssóknar.

b. Önnur umræða um fjárhagsáætlun kristnisjóðs, kirkjumálasjóðs og rekstraráætlun Biskupsstofu.

Önnur umræða um fjárhagsáætlun kristnisjóðs, kirkjumálasjóðs og rekstraráætlun Biskupsstofu fór fram. Kirkjuráð mun ljúka síðari umræðu á næsta fundi sínum í janúar.

c. Árbæjarkirkja.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að funda með fulltrúum sóknarinnar.

d. Beiðni um viðræður um endurskoðun á rekstrarformi prestsembættu og rekstrarkostnaðar. Erindi stjórnar Prestafélags Íslands, dagsett 10. nóvember sl. til biskups Íslands og framkvæmdastjóra kirkjuráðs, lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að bjóða formanni PÍ og kjaramálafulltrúa PÍ á fund fjármálahóps kirkjuráðs til að fara yfir málið.

e. Sálmabókarnefnd, beiðni um að færa ónýtta fjárheimild yfir á næsta ár.

Kirkjuráð samþykkti að heimila nefndinni að nýta ónýtta fjárheimild ársins 2015 á næsta starfsári 2016.

3. KIRKJUÞING

a. Ályktun um skýrslu um fjármál kirkjunnar.

Kirkjuþing 2015 ályktaði við skýrslu um fjármál þjóðkirkjunnar að kirkjuráð skipaði í fjármálahóp kirkjuráðs sbr. 12. gr. núgildandi starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000 þar sem fram kemur að kirkjuráð geti skipað starfshópa sér til ráðgjafar og aðstoðar við stefnumótun og að sinna tilteknum verkefnum.

Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirtalda aðila í starfshópa kirkjuráðs:

Fjármálahóp: Séra Elínborg Gísladóttir og Svana Helen Björnsdóttir.

Löggjafarhóp: Stefán Magnússon.

Kirkjustarfshóp: Séra Gísli Gunnarsson.

Formenn fastanefnda kirkjuþings starfa með starfshópunum ásamt starfsmönnum frá Biskupsstofu.

Kirkjuráð samþykkti að málefni sem snúa að fasteignum verði á dagskrá kirkjustarfshópsins, sökum þess að fasteignanefnd hefur verið lögð niður.

b. Ályktun við starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2015 samþykkti að fela kirkjuráði að skipa þriggja manna starfshóp sem skoði málið í tengslum við stefnumörkun þjóðkirkjunnar um eignir og eignastýringu. Starfshópurinn hafi til hliðsjónar þær skýrslur sem unnar hafa verið um eignir þjóðkirkjunnar undanfarin ár.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að undirbúa skipunarbréf fyrir starfshópinn fyrir næsta fund kirkjuráðs.

4. SÁTTATILBOÐ ÚRSKURÐARNEFNDAR

Sáttatillaga úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í fimm liðum til málsaðila í máli nr. 1/2015 lögð fram.

Kirkjuráð samþykkti fjóra fyrstu liði sáttatillögunnar.

5. STAÐASTAÐUR

a. Bréf frá lögmannsstofunni Landslög.

Bréf frá Landslögum – Lögfræðistofu, Grími Sigurðssyni hrl. f.h. séra Páls Ágúst Ólafssonar um efnir ráðningarkjara sóknarprestsins lögð fram, dagsett 7. desember sl. Minnisblöð frá lögfræðingi Biskupsstofu og verkefnisstjóra fasteigna lögð fram. Minnisblað frá Verkís um prestssetrið Staðastað frá 10. ágúst sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu í samræmi við það sem rætt var á fundinum.

b. Áfrýjun til Hæstaréttar.

Kirkjuráð samþykkti að áfrýja máli númer E-69/2014 í héraðsdómi Vesturlands, til Hæstaréttar.

6. FASTEIGNIR

a. Erindi frá fráfarandi sóknarpresti á Reynivöllum 24. nóvember 2015.

Erindi vegna uppgjors við afhendingu prestssetursjarðarinnar Reynivalla frá 24. nóvember sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að uppgjör vegna laxveiðitekna ársins 2015 renni óskiptar til fráfarandi ábúenda Reynivalla.

b. Laufás, fjarskiptamastur.

Bréf frá Gauti Þorsteinssyni verkfræðing frá 23. nóvember sl. lagt fram.

Afgreiðslu frestað.

c. Vatnaskógur.

Ódagsett erindi frá Davíð Erni Sveinbjörnssyni f.h. skógarmanna, lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópnum að vinna málið.

d. Melstaður, ærgildi.

Erindi frá séra Guðna Þór Ólafssyni dagsett 22. nóvember sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti erindið.

Stefán Magnússon og séra Elínborg Gísladóttir, kirkjuráðsmenn, bókuðu andstöðu við afgreiðslu málsins og að ærgildi í eigu kirkjujarða sem ekki eru í notkun verði seld nú þegar.

e. Hrunaheiðar, dómur Hæstaréttar frá 10. desember sl.

Erindi frá Lögmönnum Suðurlands, vegna niðurstöðu Hæstaréttar í máli Félagsbúsins Tungufelli gegn Kirkjumálasjóði nr. 299/2015 lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að greiða bætur vegna málsins samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar.

f. Háls 2 í Fnjóskadal.

Erindi frá Sigurði Jóhanni ábúanda að Hálsi 2 í Fnjóskadal lagt fram, þar sem hann sækir um leyfi til landbúnaðarstarfsemi í atvinnuskyni.

Kirkjuráð samþykkti beiðnina.

7. SKÁLHOLT

a. *Stjórn Skálholtsstaðar, erindi vegna viðbótarfjármagns þessa árs og hugmyndir vegna næsta starfsárs.*

Erindi frá stjórn Skálholtsstaðar frá 11. desember sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því að formaður og vígslubiskup komi til næsta fundar kirkjuráðs þann 12. janúar nk.

8. SAMRÁÐS- OG VINNUFUNDUR ALKIRKJURÁÐSINS OG ÞÁTTTAKA Í ARCTIC CIRCLE RÁÐSTEFNUNNI 2016

Bréf til kirkjuráðs frá Einari Karli Haraldssyni f.h. undirbúningshóps frá 6. desember sl. lagt fram ásamt fleiri gögnum um málið.

Kirkjuráð samþykkti að veita 2,5 m.kr. í verkefnið úr kirkjumálasjóði vegna ársins 2016.

9. ÖNNUR MÁL

a. *Njarðvík, sóknarnefnd. Framhald frá síðasta fundi þegar málið var lagt fram.*

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu mála.

b. *Erindi frá innanríkisráðherra og svar biskups.*

Málið kynnt.

c. *Erindi frá þóknananefnd.*

Erindi frá þóknananefnd frá því í dag 14. desember lagt fram ásamt endurskoðun á launataxta vegna þóknana nefnda og starfshópa kirkjunnar sem tekur gildi 1. janúar nk.

d. *Reynivellir, til framtíðar.*

Biskup greindi frá því að fyrirhugað er að auglýsa sóknarprestsembættið að Reynivöllum. Að tillögu biskups samþykkti kirkjuráð að fela framkvæmdastjóra að endurskoða haldsbréf vegna jarðarinnar Reynivalla og undanskilja veiðihlunnindin.

e. *Prestur Lágafellssóknar.*

Biskup greindi frá samkomulagi sem gert hefur verið við prest Lágafellssóknar en séra Skírnir Garðarsson hefur tekið að sér þjónustu héraðsprests.

f. *Verkefnisstjóri samskiptamála.*

Biskup greindi frá því að séra Árni Svanur Daníelsson mun láta af störfum hjá Biskupsstofu og hefja störf hjá Lútherska heimssambandinu í Genf 1. janúar nk.

g. *Starfsreglur kirkjubings um val og veitingu prestsembættu, mál númer 11 og 12/2015.*
Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að lagfæra texta starfsreglnanna í samræmi við ábendingar innanríkisráðuneytisins.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið 17:46.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 12. janúar 2016.

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands.

Þorvaldur Víðisson,
ritari.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Gunnarsson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.